

FUNDARGERÐ

599. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 19. mars, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Brian R. Haroldsson og Pórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn að hluta George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Oddviti leitar afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III – 4 Framkvæmdaleyfi fyrir varnargarð við Víkurklett.

III – 5 Sjálfsskuldaábyrgð yfirdráttarheimildar vegna Hjallatúns.

Afbrigðin samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir svohljóðandi bókun:

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps þakkar sérstaklega sveitarstjóra, forstöðumönnum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir fumlaus og fagleg viðbrögð við þeirri heilbrigðisvá sem nú vofir yfir.

Sveitarstjórn hvetur íbúa sveitarfélagsins til þess að fylgja í öllu tilmælum almannavarna og fresta öllum óþarfa ferðum á meðan óvissuástand ríkir.

Mikilvægt er að hafa hugfast að um tímabundið ástand er að ræða og ekki ástæða til annars en að líta björtum augum til framtíðar.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.

Lögð fram fundargerð 278. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 16. mars 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Ás og Hótel Dyrhólaey – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin benti á misræmi á milli deili- og aðalskipulags og fól skipulagsfulltrúa að upplýsa hlutaðeigandi um það. Nefndin samþykkti að senda tillöguna óbreytta til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.2. Þórisholt – Breyting á aðalskipulagi.
Nefndin samþykkti tillögu um breytingu á stærð skipulagssvæðis í Þórisholti.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.3. Þórisholt – Deiliskipulagstillaga.
Nefndin samþykkti að senda deiliskipulagstillögu sem nær yfir 3,4 ha svæði í landi Þórisholts til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.4. Mýrarbraut 13 – Breyting á aðalskipulagi.
Nefndin samþykkti litla stækkun á verslunar- og þjónustureit V34 á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.5. Víkurbraut 5 – Fyrirspurn vegna byggingaráforma.
Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar á tillögunni sem gengur út á stækkun á húsi innan lóðar og að koma að uppbyggingu á listigarði vestan við hús í samvinnu við Mýrdalshrepp.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.6. Bakkabraut 6a – Umsókn um byggingarleyfi.
Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa að framkvæma grenndarkynningu þegar fullnægjandi gögn hafa borist.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.7. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur – Breyting á aðalskipulagi.
Nefndin samþykkti skipulagslýsinguna sem gerir ráð fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna efnistöku- og iðnaðarsvæðis í fjörunni austan við Vík og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að óska eftir umsögnum frá viðeigandi aðilum.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.8. Efnistaka úr Steigaraurum.
Nefndin gerði ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku úr opinni námu við Steigaraura og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.
Sveitarstjórn samþykkir veitingu framkvæmdaleyfisins.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

3. Fundargerð fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Lögð fram til kynningar fundargerð 251. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps, haldinn 3. mars 2020.

4. Fundargerð umhverfisnefndar Mýrdalshrepps.

Lögð fram til kynningar fundargerð 19. fundar umhverfisnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 26. febrúar 2020.



5. Fundargerð ungmennaráðs Mýrdalshrepps.

Lögð fram til kynningar fundargerð 2. fundar ungmennaráðs Mýrdalshrepps, haldinn 5. mars 2020.

6. Styrkbeiðnir.

Lagðar fram eftirfarandi styrkbeiðnir:

- 6.1. Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands óskar eftir styrkloforði til næstu þriggja ára að upphæð 65.000 kr. árlega.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðninni.

- 6.2. Björgunarsveitin Víkverji óskar eftir styrk sem nemur fasteignagjöldum af húsnæði sveitarinnar sem nema 508.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðninni og þakkar sveitinni óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

7. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi í tengslum við upptökur á leiknum sjónvarpsþáttum frá RVK studios ehf. Sögusvið þáttanna er samfélag í Mýrdalshreppi í kjölfar eldgoss. Áætlað er að tölur hefjist eftir páska og að frágangi verði lokið 20. maí.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu framkvæmdaleyfisins og biðlar til íbúa að sýna tókuliði þolinmæði vegna tímabundins rasks sem kann að fylgja tökum þáttanna.

8. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II - minna gistiheimili í Norður Hvammi frá Jóni Bertel Tómassyni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfisins.

9. Úthlutun á lóðinni Klettsvegur 4 í Vík.

Lögð fram umsókn um lóðina Klettsvegur 4 í Vík ásamt fylgiskjölum frá Kolbrúnu Ósk Guðjónsdóttur.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

10. Viðbragðsáætlun Mýrdalshrepps.

Lögð fram drög að viðbragðsáætlun Mýrdalshrepps við heimsfaraldri influensu.

Sveitarstjórn samþykkir drögin.

11. Samstarfssamningur Mýrdalshrepps og UMF Kötlu.

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Mýrdalshrepps og ungmennafélagsins Kötlu.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að ganga frá undirritun.

12. Framkvæmdaleyfi fyrir varnargarð við Víkurklett.

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegna nýframkvæmda við varnargarð undir Víkurkletti í Mýrdalshrepp.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins.

13. Sjálfsskuldaábyrgð yfirdráttarheimildar vegna Hjallatúns.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps felur sveitarstjóra að undirrita fyrir sína hönd 10.000.000 króna yfirdráttarheimild fyrir Hjallatún sem samþykkt var á 598. fundi sveitarstjórnar þann 19. febrúar sl.

14. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 74. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 20. febrúar 2020.

Fundargerð 5. fundar verkefnishóps um mat á áhrifum sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi, haldinn 6. mars 2020.

15. Kynningarefni.

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:


Bambahús samfélagsgróðurhús.

Minnisblað af fundi með Vegagerðinni.

Minnisblað af fundi með Rarik.

Kynning á námsferð til Noregs á vegum Sambandsins.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:02




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Brian R. Haroldsson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir